

Póst- og fjarskiptastofnun

Úttekt á ferlum fjarskipta- fyrirtækja gagnvart HÍN

Viðbótarupplýsingar

Október 2017

Efni skýrslunnar er háð höfundarrétti MMR.
Öll opinber dreifing eða fjölritun er óheimil nema með
skriflegu samþykki MMR.
MMR er aðili að ESOMAR.
Allur réttur áskilinn: © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf..
MMR er skrásett vörumerki Markaðs- og miðlarannsóknar ehf.



Um skjalið

Eftirfarandi eru viðbótarupplýsingar sem Póst og fjarskiptastofnun óskað við skýrslu MMR um „Úttekt á ferlum fjarskipta-fyrirtækja gagnvart HÍN“ fá Júlí 2017.

Viðbótarupplýsingar við kafla 1. Aðferð

Beiðnir um aðgerðir af hálfu fjarskiptafélaga og upplýsingaveita fóru fram með tölvupóstsendingum. Sett var upp sérstakt pósthólf hjá MMR þangað sem rannsóknaraðilar sendu blint afrit (bcc) af öllum beiðnum þannig að starfsmaður á skrifstofu MMR gæti sannreynt að beiðnir um aðgerðir hefðu farið fram.

Minnst sólarhring eftir að beiðni hafði verið send athuguðu rannsóknaraðilar hvort beiðni þeirra um breytingu á skráningu númers hefði gengið í gegn og skráði í þar til gerða gátlista. Gátlistarnir voru aðgangsstýrðir fyrir hvern rannsóknaraðila huldu og vistaðir miðlægt þannig að starfsmaður MMR gat fylgst með framvindu verkefnisins jafnóðum og aðgerðir áttu sér stað og þegar niðurstöður voru skráðar.

Aukagreining við kafla 2.4.1. Númeraflutningur

Í töflu 1 má sjá stöðu símanúmera á upplýsingaveitum eftir númeraflutning. Í hverjum reit töflunnar er 2-3 tölustafa strengur og stendur hver tala fyrir einn númeraflutning. Tölugildin hafa eftirfarandi merkingu:

- 0: Gefur til kynna að símanúmer hafi dottið út af hvorugri upplýsingaveitunni við númeraflutning og hafði fyrir flutning verið inni á annarri hvorri eða báðum upplýsingaveitum.
- 1: Gefur til kynna að símanúmer hafi horfið af af ja.is, 1819.is eða af báðum upplýsingaveitum við númeraflutning
- 3: Gefur til kynna að númer hafi verið inni á hvorugri upplýsingaveitunni fyrir númeraflutning

Tafla 1. Staða símanúmera á upplýsingaveitum eftir númeraflutning greint eftir fyrirtækjum.

		Flutt til					Fjöldi númera sem		
		Síminn	Vodafone	Nova	Hringdu	365	Stóð	Hvarf	Var ekki
Flutt frá	Síminn	-	000	01	00	011	7	3	0
	Vodafone	311	-	000	01	30	5	3	2
	Nova	00	011	-	000	31	6	3	1
	Hringdu	31	00	310	-	300	5	2	3
	365	300	01	10	131	-	4	4	2
Fjöldi númera	Stóð	4	7	6	6	4	27		
	Hvarf	3	3	3	3	3		15	
	Var ekki	3	0	1	1	3			8